

Umsókn um lífeyrissparnað



Samningur um lífeyrissparnað og viðbótartryggingarvernd við Lífeyrissjóð Vestmannaeyja.
Á grundvelli laga nr. 129/1997 .

Ég undirrituð/aður sæki hér með um aðild að séreignadeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Ég hef kynnt mér skilmála samnings þessa og sætti mig við þá að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja telst vera kominn á samningur á milli mín sem rétthafa og séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem vörsluaðila í samræmi við ákvæði samningsins.

Nafn:		Kennitala:
Heimilisfang:		Sími:
Póstnr.	Staður:	Gsm:
		Netfang:

Launagreiðandi:		Kennitala:
Heimilisfang:		Sími:
Póstnr.	Staður:	Gsm:
		Netfang:

Ég undirrituð/aður óska eftir því að reglulega verði greidd **2%** _____ **4%** _____ föst upphæð _____ á mánuði, til séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem framlag mitt í viðbótarlífeyrissparnað. Mótframlag launagreiðanda er að hámarki 2%.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Útfylli umsækjandi ekki reiti fyrir hlutfall af launum eða fasta krónutölu, er litið þannig á að hann óski eftir því að greiða 4% viðbótariðgjald.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minnhaldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í samræmi við ákvæði samnings sbr. bakhlið.

Ég undirrituð/aður óska eftir því að lífeyrissparnaður minn verði ávaxtaður í:

Safni I _____ (hentar 55 ára og eldri)
Safni II _____ (hentar yngri en 55 ára)

Velji sjóðsfélagi ekki sérstaklega safn er sparnaði hans sjálfkrafa ráðstafað í Safn II ef hann er 54 ára eða yngri, en annars í Safn I.

Færa á milli við 55 ára aldur: Já _____ Nei _____

Um samning þennan gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 129/1997 og samþykktu Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja eftir því sem við á. Rétthafi hefur kynnt sér ákvæði nefndra laga og samþykktu.

Dagsetning og staður

Staðfesting Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Undirskrift umsækjanda

Vinsamlegast sendið undirritaða umsókn til Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, Skólavegi 2, 900 Vestmannaeyjum.
Iðgjöld greiðast inn á reikning 0582-26-24 eða 0185-26-11. Kennitala sjóðsins er 580572-0229.

Skilmálar samnings

1.grein

Umsækjandi er réttthafi skv. samningi þessum. Séreignadeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja er vörsluaðili, skv. samningi þessum. Réttthafi skuldbindur sig til að greiða til vörsluaðila mánaðarlegt innlegg af heildarfjárhæð greiddra launa skv. 3. gr. laga nr. 129/1997 sem nemur tilgreindri % af heildarfjárhæð launa, eða fastri krónutölu, sbr. umsókn réttthafa. Réttthafi felur launagreiðanda sínum að halda umsömdu iðgjaldi eftir af launum sínum og standa vörsluaðila skil á því. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en 2 mánuðum eftir launamánuð. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.

2.grein

Vörsluaðili skuldbindur sig til að ávaxta innlegg réttthafa í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997. Færður skal sérreikningur fyrir framlag hvers réttthafa í séreignadeild. Á þennan reikning skulu færðir vextir og verðbætur í samræmi við meðalávöxtun á þeim verðbréfum sjóðsins, sem mynda það safn verðbréfa sem réttthafi velur, að frádregnum kostnaði. Vörsluaðili ber ekki ábyrgð á innleggi sem launagreiðandi hefur dregið af launum réttthafa en hefur ekki staðið skil á. Vörsluaðili skal senda réttthafa tvisvar á ári yfirlit yfir móttækin innlegg frá launagreiðanda og stöðu séreignareiknings réttthafa.

3.grein

Framlag í séreignadeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skal útborgun úr sjóðnum vera í samræmi við inneign hvers og eins.

4.grein

Réttthafi sem orðinn er fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum eða árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar á að hafa náð 67 ára aldri. Sama rétt hefur réttthafi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri. Nú er örorka metin lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu og úttektartíminn lengist samsvarandi. Ef innstæða réttthafa er undir kr. 500.000 er heimilt að dreifa útborgun á skemmri tíma en 7 ár samanber ákvæði í samþykktum séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

5.grein

Við andlát réttthafa, fellur eign hans í séreignadeildinni til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut eftirlifandi maka ber að greiða með jöfnum greiðslum á sjö árum eða á þeim tíma, sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát réttthafa. Hlut barns undir 18 ára aldri skal greiða með jöfnum greiðslum á fimm árum eða á þeim árum sem upp á vantar að barnið nái 18 ára aldri, hvort sem lengra er.

6.grein

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hætti réttthafi störfum hjá launagreiðanda þeim sem tilgreindur er á umsókn réttthafa, falla þau ákvæði samningsins um greiðslu iðgjalds sjálfkrafa úr gildi, nema að hann óski sérstaklega eftir því að halda áfram greiðslum. Réttthafi skal tilkynna slík starfslok til vörsluaðila. Uppsögn á samningi veitir ekki rétt til útborgunar á innstæðu eða réttindum. Við uppsögn samnings er heimilt að flytja innstæðu til annars vörsluaðila sem heimild hefur til að taka við lífeyrissparnaði vegna viðbótartryggingarverndar skv. lögum nr. 129/1997. Séreignadeild Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja áskilur sér rétt til að taka þóknun fyrir slíkan flutning.